

II. Um holræsagjald.

6. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Skógarhlíð eða leigir lóð við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða holræsagjald til sveitarsjóðs Glæsibæjarhrepps.

Upphæð gjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,15% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóðar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Hafi hreppsnefnd ekki lokið framkvæmdum skv. 2. gr. er heimilt að fella niður holræsagjald. Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

8. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalda fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.*Sesselja Árnadóttir.***REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld í Skógarhlíð, Glæsibæjarhreppi.**

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja á gatnagerðargjöld á eignar- og leigulóðir í Skógarhlíð í Glæsibæjarhreppi eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

A-gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag og ganga frá gangstétt.

3. gr.

A- og B-gjald skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
Einbýlishús og tvíbýlishús	1,5%	2,5%
Raðhús	1,5%	2,0%
Fjölbýlishús	0,5%	1,2%

Bílskúrar	1,5%	2,5%
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	1,5%	3,0%
Iðnaðarhús, vörugæmslur, atvinnuhúsnæði	1,5%	1,2%
Önnur hús	2,0%	1,6%

Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miðað við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir eða rúmmetrastærð eins og hún er talin af Fasteignamati ríkisins.

Ávallt skal þó miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílskúr	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalda miða við lofthæð 3,3 metra að innanmáli nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr., hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður A-gatnagerðargjald á þeim húsum sem byggð voru áður en hreppsnefnd hóf skipulegar gatnagerðarframkvæmdir, ef eigendur þeirra þurftu að leggja í verulegan aukakostnað vegna þess.

6. gr.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi: Eftir 6 mánuði 50% og að fullu eftir 12 mánuði.

7. gr.

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir: Við úthlutun greiðist 30%, eftir 6 mánuði 35% og eftir 12 mánuði 35%. Heimilt er þó að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum.

B-gatnagerðargjald greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið, en eftirstöðvar með skuldabréfi og skal hreppsnefnd ákveða lánstíma, gjalddaga afborgana og vaxta, svo og vaxtaþrósentu í samræmi við þau lán sem fást á hverjum tíma til viðkomandi framkvæmda.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Aðför er heimil til fullnustu gjalda þessara skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.